

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Hverahvammur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að svæði sem nefnist Hverahvammur og liggur að Varmá milli Hverhamars og Álfahvammis breytist úr íbúðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 17. maí 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.